



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis leik- og grunnskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er upplýsinga um kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis sem taka hefur þurft á leigu fyrir þá skóla sem þurft hefur að rýma vegna endurbóta og viðhalds. Óskað er eftir upplýsingum um hvoru tveggja þá leik- og grunnskóla sem hefur þurft að rýma vegna slæms ástands á síðustu tveimur árum.*

#### **Svar:**

Fyrirspurnin var send til umsagnar eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs þann 5. júlí 2023 og ítrekuð þrisvar sinnum síðan þá. Nú í lok nóvember var leitað upplýsinga hjá eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs um stöðu svars við fyrirspurninni. Í svari þeirra segir að vegna umfangs sé fyrirspurnin enn í vinnslu hjá eignaskrifstofu og verði henni svarað eins fljótt og unnt er.